

Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík. Mál 675.

Okkur langar til þess að byrja á því að gera athugasemd við hversu ótrúlega langur tími er liðinn frá því að atvinnustarfsemi okkar sem er hárgreiðslu og snyrtistofa var lokað eftir miklar náttúruhamfarir föstudaginn 10. nóvember í Grindavík s.l. Þar til fyrstu drög af frumvarpi til stuðning atvinnureksturs er lagður fram.

Tímabundin rekstrarstuðning þarf einnig að endurskoða. Við þurfum að hugsa miklu lengra en til loka apríl 2024, við þurfum að hugsa til framtíðar.

Ég ákvað að drífa mig sem fyrst af stað aftur til vinnu eftir hamfarir á höfuðborgarsvæðinu og leigi dýra aðstöðu fyrir mína atvinnugrein þar.

Ég hef orðið fyrir miklum tekjumissi og rekstrarkostnaðurinn hefur einnig aukist til muna. Bæði vegna þess að ég þurfti að koma mér upp nýrri aðstöðu frá grunni á nýja vinnustaðnum og eins vegna þess hve svakalega dýr húsaleigan er á höfuðborgarsvæðinu. Hingað til hefur engin stuðningur verið til staðar fyrir mig.

Við hjónin eigum einnig iðnaðarhúsnæði í Grindavík sem við höfum leigt út og höfum við notað leigutekjurnar til þess að greiða rekstrarkostnað húsnæðanna. Nú hafa engar leigutekjur verið frá því 10. nóvember s.l. og stefnir ekki í að þær verði í bráð, þar sem engin rekstrargrundvöllur er fyrir þau fyrirtæki sem hjá okkur leigðu eins og staðan er í dag. Þar höfum við heldur ekki notið neins stuðnings.

Einnig viljum við gera athugasemd við það að ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig eigi að bæta fyrirtækjum þann kostnað sem tapast hefur í þessum náttúruhamförum.

Virðingarfyllt

Rúnar Sigurður Sigurjónsson kt: 140869-4229

Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir kt: 240473-3569